

HSV býður upp á íþrótt- og leikjanámskeið fyrir þau börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk í grunnskóla, fædd árin 2011-2014.

Námskeiðin verða á eftirfarandi dögum:

9.-11. júní → Verð 3000 krónur (3 dagar).

14.-18. júní → Verð 4000 krónur (4 dagar).

24.-27. júní → Verð 4000 krónur (4 dagar).

31. júní - 3. júlí → Verð 4000 krónur (4 dagar).

Hægt er að velja SKRÁNING iðkenda hér efst á síðunni eða fylgja þessum tengli <https://hsv.felog.is/> til að skrá þátttakendur. Skrá þarf iðkendur á allar þær vikur sem taka á þátt í. Dagskrá hverrar viku er mismunandi.

Skráningu lýkur kl. 16:00 á fimmtudeginum fyrir námskeiðið sem hefst n.k. mánudag. Þar sem skipta þarf þátttakendum upp í minni hópa er nauðsynlegt að allar skráningar séu komnar inn í kerfið á réttum tíma. Gætið að réttum netföngum þar sem dagskrá vikunnar og mikilvægar upplýsingar eru sendar með tölvupósti á foreldra/forráðamenn áður en námskeiðið hefst.

Námskeiðin eru alla virka daga frá kl. 9-12. Krakkarnir geta fengið vistun frá kl. 8:30 án skipulagðrar dagskrár. Umsjón með námskeiðunum hafa Heiðar Birnir Torleifsson og Árni Ívarsson.

Leikjanámskeiðin verða með aðeins breyttu sniði í ár. Um er að ræða hefðbundið námskeið fyrir börn í 1.-2. bekk þ.e. farið verður í leiki, fjöruferðir, hjólaferðir, fjallgöngur, sund, ýmsar íþróttagreinar prófaðar og margt fleira. Mæting fyrir 1.-2.bekk og er við Íþróttahúsið á Torfnesi.

Fyrir börn í 3.-4. bekk ætlum við aðeins að breyta til. Fyrsta vikan verður hefðbundin(þá er mæting á Torfnesi). En í viku tvö verða börnin á hestanámskeiði og fer það fram inn í Engidal. Í viku þrjú verður hjólreiðanámskeið og í viku fjögur golfnámskeið. Þjálfarar frá þessum greinum munu sjá um námskeiðin.

Á öllum námskeiðunum er nesti borðað um miðjan morgun og koma allir með hollt og gott nesti að heiman.

Rétt er að taka fram að öll börn eru velkomin á íþrótta- og leikjanámskeið HSV, búseta á starfssvæði HSV er ekki skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Heiðar Birnir Torleifsson á netfanginu ithrottaskoli@hsv.is